

Aðalfundur Sunddeildar Keflavíkur haldinn í K-húsinu Sunnubraut 25. janúar 2012 kl.20:00.

1. mál Fundarsetning.

Falur Daðason formaður setti fundinn og bauð alla fundarmenn velkomna og minnti á heimasíðu félagsins þar sem allar fundargerðir, skýrslur og aðrar upplýsingar um starfið er að finna.

2. mál Kosning fundarstjóra

Falur lagði til að Sigurbjörg Róbertsdóttir yrði fundarstjóri og var það samþykkt.

3. mál Kosning fundarritara

Falur lagði til að Guðmunda yrði fundarritari og var það samþykkt.

4. mál Fundargerð síðast aðalfundar.

Sigurbjörg lagði fram fundargerð síðasta aðlafundar.

5. mál Skýrsla stjórnar.

Falur fór yfir skýrslu stjórnar sem er að finna á heimasíðu sunddeildarinnar.

6. mál Ársreikningar lagðir fram

Guðný fór yfir ársreikninga deildarinnar fyrir árið 2011. Tap ársins var kr. 237.898-.

Sigurvin Guðmundsson tók til máls, færði kveðju frá aðalstjórn, talaði um kraftmikið og gott starf í deildinni. Hann var ánægður með betri fjárhag deildarinnar.

Guðmundur Jón Bjarnason tók til máls, hann var virkilega ánægður með stöðu deildarinnar og hversu skamman tíma það tók snúa rekstri deildarinnar til betri vegar.

Skýrsla stjórnar og reikningar samþykktir.

Kaffihlé

7. mál Kosningar

- a) Falur Daðason gefur áfram kost á sér sem formaður deildarinnar og var hann kosinn einróma.
- b) Júlíus Friðriksson og Hilmar Örn Jónasson gefa kost á sér til tveggja ára í stjórn og fengu þeir einróma kosningu.
- c) Hjörðís Kristinsdóttir og Sigurbjörn Sævarsson gefa kost á sér til eins árs og hlutu þau kosningu.
- d) Vegna mikils áhuga á stjórnarstörfum var ákveðið að fjölga varamönum og voru þær Guðný Magnúsdóttir, Guðmunda Róbertsdóttir, Kolbrún Marelsdóttir, Guðrún Jóna Árnadóttir og Ása Þórðardóttir kosnar sem varamenn.
- d) Daði Þorgrímsson og Margeir Þorgeirsson kosnir skoðunarmenn reikninga og Birgir Ingbergsson til vara.

e) Kosning og skipan í nefndir og ráð vísað til stjórnar.

8. mál Æfingargjöld fyrir næsta ár ákveðin

Vísað til stjórnar. Samþykkt samhljóða af fundarmönnum.

9. mál Fjárhagsáætlun næsta starfsárs

Guðný lagði fram fjárhagsáætlun næsta starfsárs. Gert er ráð fyrir að tekjur og gjöld verði kr. 22.770.000- og deildin komi út með 250.000 kr. í hagnað.

10. mál Önnur mál

a) Jóhann B Magnússon formaður ÍRB tók til máls. Þakkaði góða skýrslu og skýra reikninga. Talaði um að sundið hefði oftast átt íþróttamann Reykjanesbæjar, ánægður með að AMÍ bikarinn sé komin heim. Fór útí fjármál og sagði alltaf erfitt að þurfa að hækka gjöld en þar er ekki við deildirnar að sakast. Ánægður með foreldrastarf í sundinu og að iðkendur væru að fá mikið fyrir peninginn í góðri deild.

b) Sigurvin tók til máls. Var ánægður með of marga í stjórn. Kom inná sjálfboðastarf sem hefur verið mikið og þurft að auka vegna skertra fjármuna frá bænum og öðrum. Ættum þó að vera ánægð með þá fínu aðstöðu sem við höfum hér. Ánægður með að íþróttastarf skuli halda sér þrátt fyrir kreppu. Ánægður með að AMÍ skuli verða í Reykjanesbæ í ár.

c) Falur Daðason tók til máls. Þakkaði fyrir að hafa náð kjöri. Þakkaði góða mætingu, fjölmennasti aðalfundur sem hann hefur verið á. Lofar því að stjórnin muni gera sitt besta í ár, vonar að æfingargjöld þurfi ekki að hækka. Talaði um lottókassann í Vatnaveröld og tekjur af honum.

Þakkaði Sigurbjörgu góð störf síðustu 5 ár fyrir SK og færði henni ljósker að gjöf.

d) Sigurbjörg tók til máls þakkaði fyrir samstarfið við alla, núverandi og fyrrverandi stjórnarmenn og aðra.

Á fundinum voru 23 fundarmenn auk stjórnar (7) samtals 30 manns.

Falur sleit fundi kl. 21:07

Fundarritari: Guðmunda Róbertsdóttir